

Laxar Fiskeldi ehf
Akralind 2
201 Kópavogur

Reykjavík 26. júní 2018
UST201805-396/Ý.G.
08.03

Áminning og krafa um úrbætur vegna vanskila á ústreymisbókhalði

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 5. júní sl. þar sem stofnunin áformaði að áminna Laxa fiskeldi ehf. vegna vanskila á ústreymisbókhalði fyrir árið 2017, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 990/2008 um ústreymisbókhalð. Rekstraraðila var veittur frestur til 19. júní sl. til þess að skila framangreindum upplýsingum fyrir árið 2017. Upplýsingar bárust Umhverfisstofnun ekki fyrir þann tíma.

Umhverfisstofnun veitir Löxum Fiskeldi ehf. hér með áminningu og krefst úrbóta sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 990/2008, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, fyrir að hafa ekki skilað ústreymisbókhalði fyrir árið 2017. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til að senda inn staðfestingu á úrbótum til og með 12. júlí nk.


Sinni rekstraraðili ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að upphæð 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 2. mgr. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 með síðari breytingum. Þær aðgerðir yrðu þó áformaðar sérstaklega og andmælað frestur veittur.

Umhverfisstofnun bendir á að heimilt er að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni frávika verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er kr. 26.400.**

Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is.

Virðingarfyllst


Gunnlaug H. Einarsdóttir
Sviðsstjóri


Hlín Gísladóttir
Lögfræðingur